

Fundargerð – Stjórn Eyglóar ehf.

Miðvikudaginn 30. apríl 2025 kl. 12:00

Fundinn sátu: Hildur Sólveig Sigurðardóttir varaformaður, Páll Magnússon og Njáll Ragnarsson stjórnarformaður sem jafnframt ritar fundargerð. Þá sat Heiðar Ásberg Atlason lögmaður sem gestur á fundinum undir 1. lið.

Dagskrá:

1. Framtíð ljósleiðarakerfis Eyglóar

Stjórn samþykkti á síðasta fundi sínum samhljóða að leggja til við bæjarstjórn að eignir Eyglóar verði auglýstar til sölu og að stjórn félagsins fái umboð til þess að ganga frá fyrirvörum og skilyrðum sem stjórn telur eðlilegt að setja við slíkt útboð. Þá muni stjórn leggja mat á þau tilboð sem berast í kjölfar útboðs og leggur niðurstöðu sína fyrir bæjarstjórn til samþykktar.

Tillagan var samþykkt í bæjarstjórn þann 13. mars sl.

Þá greindi formaður frá samskiptum og erindi sem barst frá framkvæmdastjóra Ljósleiðarans þar sem óskað er eftir samstarfi og gerð langtíma leigusamnings á ljósleiðarakerfi Eyglóar við Ljósleiðarann.

Niðurstaða:

Stjórn Eyglóar þakkar áhuga Ljósleiðarans á því að leigja kerfi Eyglóar og sinna þjónustu í Vestmannaeyjum. Mat stjórnar er að það þjóni best hagsmunum bæjarbúa að losa sveitarfélagið undan eignarhaldi á ljósleiðarakerfi Eyglóar. Eign og rekstur á slíku kerfi er ekki hluti af lögbundnum hlutverkum sveitarfélaga og því heppilegast að halda áður samþykktari ákvörðun stjórnar félagsins sem og bæjarstjórnar að auglýsa félagið til sölu. Formanni er falið að svara erindi Ljósleiðarans.

Þá felur stjórn Páli að semja drög að auglýsingu um útboð félagsins í samræmi við umræður á fundinum og í samráði við stjórnarsýslu Vestmannaeyjabæjar. Fullbúin auglýsing verður tekin fyrir á næsta fundi stjórnar.

2. Drög að ársreikningi félagsins fyrir árið 2024

Formaður kynnti drög að ársreikningi félagsins fyrir árið 2024. KPMG vinnur að gerð reikningsins sem verður tilbúinn á næstu dögum.

Niðurstaða:

Stjórn mun yfirfara ársreikninginn sem lagður verður fyrir á næsta fundi.

Fleira var ekki rætt og fundi var slitið kl. 12:37.